

Alþingi
Erindi nr. P 123/1034
komudagur 22.2.199

Sif Konráðsdóttir hdl.

Hafnarstræti 20. 3 hæð v/Lækjartorg
Pósthólf 787 121 Reykjavík
Sími 511 1190 Fax 511 1195
Netfang skonrads@itn.is

Til allsherjarnefndar Alþingis

Reykjavík, 19. febrúar 1999

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra máls nr. 19/1991

Undirritaður lögmaður hefur í mörg ár starfað við hagsmunagæslu fyrir þolendur kynferðisbrota, þar á meðal börn.

Þar sem ég hef haft tækifæri til að kynna mér ítarlega frumvarp það sem nú liggur fyrir allsherjarnefnd til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, er hefur að meginmarkmiði að styrkja réttarstöðu brotþola, óska ég eftir að koma að sjónarmiðum mínum er varða gildistöku i frumvarpi þessu. Tillaga mín er að löggin taki að ákveðnu marki gildi þegar í stað, en ekki 1. júlí n.k., eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég mun einskorað mig við umfjöllun um þolendur kynferðisbrota, enda þekki ég þau mál gerst.

Í dag er það svo að á Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, þar sem unnið hefur verið mikilvægt og öflugt brautryðjendastarf á undanförmum árum, gefst þeim er þangað leita kostur á ókeypis aðstoð lögmanns. Á Neyðarmóttakan er fyrst og fremst sinnt aðhlyningu, lækni skoðun og réttarlækni fræðilegri skoðun brotþola. Þjónusta er þó ekki hugsuð fyrir börn, og nú er komið nýtt úrræði fyrir börn, Barnahús, þar sem unnt er að láta lækni skoðun fara fram og taka skýrslur af barni við aðstæður sem sérhannaðar eru í þeim tilgangi. Börnunum gefst hins vegar ekki kostur á ókeypis þjónustu lögmanns til að gæta hagsmuna sinna, eins og skjólstæðingum Neyðarmóttöku, og er þeim þætti ekkert sinnt af Barnahúsi. Á sama hátt eiga fullorðnir einstaklingar sem kæra sífjaspell, eða önnur kynferðisbrot gegn sér í æsku, ekki aðgang að neinni lögmannsaðstoð, nema þá á eigin kostnað.

Ég tel að þetta ástand skapi óeðlilegan aðstöðumun í raun fyrir þessa hópa, börnum stórlega í óhag.

Frumvarpið gerir börnum hátt undir höfði og tekur þau út úr sem sérstakan hóp er þurfi alltaf skilyrðislaust á réttargæslumanni að halda, hafi þau sætt kynferðisofbeldi, og um þau er ráðgert að gildi sérsakar reglur varðandi fyrirkomulag skýrslutaka, nærveru brotamanns í dómsal o.fl. Rætt er í athugasemdum með frumvarpinu um að farið sé að tilmælum Umboðsmanns barna í þessum efnum.

Ég tel að svo brýn þörf sé orðin á að leiðrétta þetta óréttlæti gagnvart börnunum sem þolendum kynferðisbrota, að setja þurfi í væntanleg lög sérstakt ákvæði um gildistöku þeirra ákvæða er tryggja rétt barna, eigi frumvarpið í heild á ekki að taka gildi fyrr en 1. júlí n.k.

Ég ætla að nefna þrjú dæmi úr raunveruleikanum þessu til stuðnings.

DÆMI 1. Ung stúlka kærir snemma árs 1997, þá 17 ára, föður sinn fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn sér samfelld á 8 ára tímabili, frá því hún var 7 ára gömul. Henni eru útveguð viðtöl við félagsráðgjafa á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hún sækir um aðstoð til barnaverndar- og félagsmálafyrivalda til að greiða lögmannsaðstoð við rannsókn málsins og meðferð opinbers máls á hendur föður hennar fyrir dómi. Því er hafnað þar sem það sé óheimilt. Ákvörðunin er kærð til Barnaverndastofu, sem segir að sveitarfélagi sé heimilt, en ekki skylt, að veita aðstoð af þessu tagi, og staðfestir synjunina á fjárhagsaðstoð. Faðir stúlkunnar er ákærður og dæmdur til 3 ½ árs fangelsis í héraðsdómi. Hann áfrýjar dómnum til Hæstaréttar, sem ómerkir dóm héraðsdóms, þar sem sálfræðileg athugun á stúlkunni hafi ekki farið fram, en hún hafi lent í bilslysi nokkru áður og fengið af því hálsáverka er kunnari að hafa áhrif á sönnunargildi framburðar hennar fyrir dómnum. Stúlkun gerir kröfu um að sér sé skipaður réttargæslumaður af dómnum í seinni umferðinni, enda séu nú slík rök fyrir að hún þurfi á aðstoð lögmanns að halda. Því er hafnað, bæði af héraðsdómi og Hæstarétti, þar sem engin

lagaheimild sé til þess. Í Hæstarétti er þó tekið undir að almennt séu rök fyrir að brotapolar njóti slíkrar lögmannsastöðar við rannsókn og dómsmeðferð mála. Dómsmálið er nú í annað skipti í meðferð héraðsdóms.

DÆMI 2. Árið 1998 verður uppvíst um mann er áreiti kynferðilega ung börn í Reykjavík, og jafnvel hóti þeim með hnífi. Maðurinn finnst og hann játar og við rannsókn málsins upplýsast önnur tilvik, m.a. sem kærð höfðu verið árin 1995 og 1997 en aldrei höfðu verið upplýst, og í ljós kemur að um sama mann er að ræða. Rannsóknin varðar meint brot gegn a.m.k. fimm ungum telpum, allar um sex ára aldur þegar brot eru framin. Foreldrar nokkurra stúlkanna sjá sér fært að ráða lögmann sér til aðstoðar, m.a. vegna bótakrafna á hendur manningnum, sem ríkissjóður ber ábyrgð á. Í ljós kemur að rannsókn vegna eldri brotanna er mjög ábótavant og ábyrgð ríkissjóðs á bótum vegna elstu brotanna er niður fallin þar sem forráðamönnum var ekki bent á rétt sinn og bótakröfur voru ekki sendar bótanefnd í tæka tíð miðað við fresti í lögum. Unnt er að koma ábendingum og athugasemdum um rannsóknina á framfæri. Foreldrarinn verða sjálfir að greiða aðstoð lögmannsins í þessum efnum, þeir sem treystu sér til að ráða slíkan. Félagsþjónustan í Reykjavík og Barnaverndarstofa hafa komst að þeirri niðurstöðu að, einn forráðamannanna, einstæð móðir með 3 börn á framfæri og kr. 70.000 mánaðarlaun, fái ekki fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaástoð í þágu dóttur sinnar.

DÆMI 3. Árið 1998 kærði liðlega tvítugur maður mann í fjölskyldu sinni fyrir viðvarandi gróft kynferðisofbeldi gagnvart sér á sjö ára tímabili, eða frá því að hann var sjö ára og þar til hann var fjórtán ára. Ungi maðurinn hafði reynt að stytta sér aldur og rakti mikla andlega erfiðleika til þessa ofbeldis. Lögregla réð manningnum að ráða sér lögmann til að gæta hagsmuna sinna. Málið var tekið til rannsóknar og játaði hinn sakaði brotin að hluta. Fékk hann og fjölskylda hans, þar á meðal tvö ung börn, félagslega aðstoð sveitarfélags, það á meðal viðtalsmeðferð sálfræðings. Að sjálfsgöðu var sakborningi einnig skipaður verjandi á kostnað ríkissjóðs. Brotapolinn, sem þurfti á brýnni sálfræðiaðstoð að halda, þarf hins vegar sjálfur að greiða fyrir sína sálfræðimeðferð og viðtöl geðlæknis, auk þess að þurfa að greiða lögmanni fyrir hagsmunagæslu fyrir sig. Hann hefur gert kröfur um miskabætur úr hendi sakbornings. Þó þær fengjast dæmdar, fást þær ekki greiddar, þar sem sakborningur er ekki borgunarmaður, og ríkissjóður ber enga ábyrgð á tjóni vegna svo gamalla brota.

Ofangreindir aðilar, væru þeir fullorðnir þolendur kynferðisbrota, fengju lögmannskostnað greiddan, enda leituðu þeir til Neyðarmóttöku.

Þessi dæmi eru tekin til að leiða allsherjarnefnd fyrir sjónir að mörg mál eru nú þegar í rannsókn og dómsmeðferð þar sem afar illa eru tryggðir hagsmunir barna sem þolað hafa kynferðisbrot. Er raunveruleg staða þeirra mun bágari en annarra þolenda kynferðisbrota. Því er lagt til að bráðabirgðaákvæði verði sett í lögin, er gildi aðeins fram til 1. júlí 1999, svohljóðandi:

Þegar skulu öðlast gildi ákvæði 14., 18. og 23. gr. laganna um brotapola, réttargæslumann og málsmeðferð, að því er varðar rannsókn og dómsmeðferð meintra brota gegn ákvæðum 200. – 202. gr. almennra hegningarlaga.

Virðingafyllst,

Sif Konráðsdóttir hdl.